



Álagningarforsendur fasteignagjalda, útsvarsprósenta og gjaldskrár vegna vatnsveitu 2026

Útsvarsprósenta fyrir Flóahrepp fyrir árið 2026 verður 14,97%

Lóðarleiga innheimtist skv. lóðarleigusamningum.

A-flokkur 0,40% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahús ásamt lóðarréttindum.

B-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C-flokkur 1,56% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Afsláttur af fasteignagjöldum er veittur skv. gildandi reglum um lækkun, niðurfellingu eða styrki til fasteignaskatts í Flóahreppi.

Vatnsgjald Vatnsveitu Flóahrepps:

Vatnsgjald frá Vatnsveitu Flóahrepps verður eftirfarandi:

	Fast gjald	Lágmark	Hámark
A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati	-	26.820 kr.	52.829 kr.
Frístundahús fast gjald	44.700 kr.	-	-
Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðar lóðir tengdar vatni	26.820 kr.	-	-
C flokkur og útihús 0,3% af fasteignamati	-	-	543.375 kr.

Seyrulosun:

Árlegt gjald fyrir seyrulosun þriðja hvert ár að jafnaði:

Frístundahús (eða aðrar fasteignir sem hreinsaðar eru á 5 ára fresti): 16.117 kr. á ári

Íbúðarhús (eða aðrar fasteignir sem hreinsaðar eru á 3 ára fresti): 20.000 kr. á ári

Að öðru leiti er vísað í gildandi gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyr hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs. www.utu.is

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2026:

Gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald, seyrulosun og lóðaleiga hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga: 1. mars.

Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum: 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á tíu gjalddögum: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt. og 1. nóv.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Flóahreppur sendir ekki út greiðsluseðla né álagningarseðla í bréfafósti. Greiðsluseðlarnir birtast í heimabanka greiðanda undir rafrænum skjölum og álagningarseðlarnir eru aðgengilegir inn á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Hægt er að óska eftir álagningarseðli og greiðsluseðli í bréfafósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-4370 eða með tölvupósti á netfangið floahreppur@floahreppur.is.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Gjaldskrá og reglur fyrir Þingborg og Félagslund í Flóahreppi 2026

1	Svefnpokapláss grunnskólar	1350 pr. nótt
2	Svefnpokapláss	3800 pr. nótt
3	Íþróttir fastir tímar (yfir amk 12 vikna óslitið tímabil)	4400 kr. klst.
4	Íþróttir stakir tímar (ekki reglubundnir tímar)	6600 kr. klst.
5	Barnaafmæli án uppröðunar, létt notkun á eldhúsi, aðgengi um íþróttainngang. (lágmark með 3 klst)	6600 kr. klst.
6	Litlir fundir í anddyri án eldhúss	11.000 kr
7	Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d. skírn). Dagsleiga	33.500 kr
8	Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d afmæli, útskrift). Kvöldleiga	51.500 kr
9	Hópar frá 17:00-24:00 (t.d starfsmannaferðir). Allt húsið.	69.000 kr
10	Fundir litli salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema)	33.500 kr
12	Fundir stóri salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema)	69.000 kr
13	Ferlingarveislur	80.000 kr
14	Veisla stóri salur t.d afmæli/útskrift. Dagsleiga	80.000 kr
15	Veisla stóri salur t.d afmæli/útskrift. Kvöldleiga	116.000 kr
16	Brúðkaup dagsleiga	80.000 kr
17	Brúðkaup helgarleiga. Tjaldsvæði innifalið í verði.	187.500 kr
18	Ættarmót dagsleiga	80.000 kr
19	Ættarmót helgarleiga Tjaldsvæði innifalið í verði.	187.500 kr
20	Erfidrykkja	80.000 kr
21	Menningarviðburður 1 (smærri viðburðir, sjálfböðavinna án aðgangseyris)	Samningsatriði
22	Menningarviðburður 2 (stærri viðburðir, seldur aðgangseyrir t.d tónleikar)	115.500 kr
23	Þorablót og sveitaböll (aðgangseyrir)	1000 pr/miði
24	Leiga á tjaldi frá Flóahreppi	69.000 kr

- Öll verð eru með virðisaukaskatti (24%).
- Leigutaki greiðir ávallt stefgjöld eftir reglum hjá STEF: <https://stef.is/>
- Kaffiveitingar er hægt að kaupa af kvenfélögum innan Flóahrepps. Upplýsingar hjá húsverði.
- Upplýsingar um mögulegan hámarksfjölda gesta í veislum/veitingum/viðburðum má nálgast hér: [Félagsheimili | Flóahreppur](#)
- Upplýsingar um mögulegan hámarksfjölda gesta í gistingu má nálgast hjá húsverðum.
- Flóahreppur áskilur sér rétt til þess að innheimta staðfestingargjald áður en að leigu kemur. Ávallt er innheimt staðfestingargjald fyrir leigu á tímabilinu 1. júní-31. ágúst og skal staðfestingargjald vera greitt eigi síðar en mánuði fyrir leigu til að bókun sé tryggð.
- Félagsheimilin eru ekki leigð til yngri en 25 ára
- Félagsheimilin eru ekki leigð út á aðfangadag, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
- Hægt er að leigja dúka af kvenfélögunum í Flóahreppi. Upplýsingar hjá húsverði.
- Viðburðahaldarar, þar sem allur ágóði rennur beint til ákveðins málefnis, geta óskað eftir lækkun á húsaleigu og skal sótt um það formlega til sveitarstjórnar.



- Ef um er að ræða auglýstan viðburð þar sem áfengi er selt skal viðburðarhaldari sækja um og greiða fyrir áfengisleyfi: <https://island.is/afengisleyfi/framleidsluleyfi> og tækifærisleyfi ef við á: <https://island.is/umleyfi-til-skemmtanahalds-tækifaerisleyfi>
- Leigutaki tekur af borðum og strýkur yfir þau, þvær upp og gengur frá því sem notað var, þrífur eldhús og öll áhöld og tæki sem voru notuð þar svo sem eldavél og ofn. Sópa skal yfir öll gólf. Frágangur á stólum og borðum skal hagað í samráði við húsverði. Ef útigrill eru notuð skal þrifa þau. Að leigu lokinni skal leigjandi hafa samband við húsvörð áður en félagsheimi er yfirgefið.
- Allt sorp skal flokka í rétt ílát og er skylda að flokka í fjóra flokka. Henda skal öllu sorpi, vel flokkuðu, í sorpgáma fyrir utan hús.
- Flóahreppur áskilur sér rétt til þess að innheimta allt að 25% álag á leiguverð ef frágangur húsa er ekki ásættanlegur.
- Leigjandi ábyrgist allan þann búnað sem undir leiguna fellur og skuldbindur sig til að greiða fyrir tjón sem kann að verða.
- Fyrirspurnir eru síma **692-8565**, virka daga á milli 9:00-14:00, en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á thingborg@gmail.com og er þeim svarað eins fljótt og kostur er.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

GJALDSKRÁ

vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi, nr. 1198/2019.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er innheimt af öllu íbúðarhúsnæði í Flóahreppi samkvæmt skv. gildandi lögum og samþykkt nr. 1198/2019 um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi hverju sinni. Sorphirðugjald miðast við stærð og losunartíðni íláta fyrir heimilisúrgang skv. fyrrgreindri samþykkt. Þann 1. janúar 2023 tóku gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 sem kalla á flokkun í fjóra flokka ásamt sérsöfnun á grenndarstöðvum fyrir málma, gler og textíl. Fjögur gunnilát eru við heimili: fyrir lífrænan úrgang, almennan úrgang, plast og pappír/pappa.

Möguleikar á ílátum fyrir heimilisúrgang í sveitarfélaginu eru eftirfarandi:

Stærð íláts:	Tíðni losana:	Samtals kostnaður:
140 lítra lífrænn úrgangur	13 á ári	15.000 kr. á ári
240 lítra almennur úrgangur	13 á ári	25.000 kr. á ári
660 lítra almennur úrgangur	13 á ári	68.000 kr. á ári
1100 lítra almennur úrgangur	13 á ári	114.000 kr. á ári
360 lítra plast til endurvinnslu	7 á ári	10.000 kr. á ári
660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu	7 á ári	20.000 kr. á ári

Óski íbúar eftir stærri eða minni ílátum eða auka ílátum fyrir heimilisúrgang greiða þeir fyrir nýtt ílát og umsýslukostnað samkvæmt viðmiðunarverðaskrá þjónustuaðila. Mikilvægt er að sótt sé um allar breytingar á stærðum íláta eða auka ílát hjá skrifstofu Flóahrepps.

3. gr.

Sorpeyðingargjald og gjaldtaka á söfnunarstöð.

Sorpeyðingargjald er innheimt af öllu húsnæði í Flóahreppi og er eftirfarandi:

Atvinnurekstur, lögbýli:	27.200 kr.
Íbúðar- og frístundahús:	22.300 kr.
Atvinnurekstur/iðnaðarlóðir:	48.900 kr.

Gjaldið tekur til reksturs sorpkerfisins s.s. reksturs grenndar- og söfnunarstöðva ásamt förgunar- og endurvinnsluleiðum. Gjaldtakan veitir aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

Á söfnunarstöð er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, málmum, brotajárni, lituðu timbri auk spilliefna, raftækja og annars sem telst sorp frá heimilum og fyrirtækjum og skal greitt fyrir móttöku skv. gildandi gjaldskrá þegar magn er umfram rétt samkvæmt inneignarkorti.

4. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun á dýrahærum

Sérstakt gjald vegna dýrahæra er lagt á alla aðila sem eru með skráðan bústofn á búsnúmeri sínu skv. skýrslum frá Matvælaráðuneytinu ár hvert. Gjaldið veitir aðgang að söfnunargámi fyrir dýrahæ sem er staðsettur innan sveitarfélagsins ásamt flutningi og brennslu dýrahæra. Gjaldinu er skipt upp í mismunandi gjaldflokka eftir fjölda og tegund bústofns. Bent er á að einnig er hægt að fara með dýrahæ á söfnunarstöð þjónustuaðila sveitarfélagsins í Hrísmýri á Selfossi og skal þá greitt fyrir móttöku skv. gildandi gjaldskrá þjónustuaðila. Ekki er hægt að nýta inneignarkort vegna dýrahæra.

Nautgripir og kýr telja sem 2 stig pr. dýr í umfangi, svín, hross og sauðfé telja sem 1 stig pr. dýr í umfangi og alifuglar og loðdýr telja sem 0,25 stig pr.dýr í umfangi. Hvert skráð dýr er þannig talið inn í heildarstig í umfangi hvers bús og gjald fundið útfrá því.

Gjaldflokkur:	Umfang bústofns:	Samtals kostnaður:
Lágmarksgjald		5000 kr.
Gjaldflokkur 1	20-29 stig í umfangi	25.000 kr.
Gjaldflokkur 2	30-99 stig í umfangi	50.000 kr.
Gjaldflokkur 3	100-299 stig í umfangi	75.000 kr.
Gjaldflokkur 4	300-499 stig í umfangi	100.000 kr.
Gjaldflokkur 5	500-999 stig í umfangi	120.000 kr.
Gjaldflokkur 6	999 stig og meira í umfangi	140.000 kr.

Undanþágur og afslættir frá gjaldi vegna dýrahæra:

Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjaldflokkum 1 og 2. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er 40% afsláttur ef umsækjandi uppfyllir skilyrðin.

Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að sækja um breytingu á gjaldinu til sveitarstjórnar en lágmarksgjaldið er þó alltaf rukkað ef bústofn er skráður á búsnúmer.

Athygli er vakin á því að í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, hefur heimild til urðunar dýrahæja verið felld brott í samræmi við breytingar sem urðu á lögum um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu reglna um aukaafurðir dýra. Telji búffjáreigandi sig hafa sérstaka heimild til urðunar dýrahæja í sínu landi skal framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis frá Matvælastofnun. Staðfestingu skal framvísað á skrifstofu Flóahrepps eða í tölvupósti á floahreppur@floahreppur.is

5. gr.

Inneignarkort

Allir fasteignareigendur sem greiða sorpeyðingargjald fá afhent inneignarkort sem gildir sem aðgangur að söfnunarstöð í Hrismýri á Selfossi. Sveitarstjórn ákveður árlega magn úrgangs sem er innfalið. Rukkað er skv. gildandi gjaldskrá þjónustuaðila ef fasteignaeigandi er ekki með inneignarkort meðferðis á söfnunarstöð eða ef inneign er búin. *Ekki er hægt að nýta inneignarkort vegna dýrahæja heldur skal greitt skv. gildandi gjaldskrá þjónustuaðila vegna þess úrgangs við komu á söfnunarstöð.* Frekari upplýsingar um inneignarkort og afhendingu þeirra má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

6. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpeyðingargjalda skulu vera þeir sömu og fasteignagjalda og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt.

Gjalddagi gjalds vegna meðhöndlunar á dýrahæjum er í október ár hvert en hægt er að sækja um að skipta gjaldinu upp í tvo gjalddaga og skal sótt um það á skrifstofu Flóahrepps. Gjald skal að fullu greitt fyrir áramót ár hvert.

Fyrir móttöku úrgangs á móttökustöð án notkunar inneignarkorts skal greiða í samræmi við gildandi gjaldskrá þjónustuaðila á móttökustöð.

7. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og öðlast þegar gildi. Eldri gjaldskrá nr. 1544/2024 um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi, fellur úr gildi.

Flóahreppi, 03.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri.



Gjaldskrá

fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks í Flóahreppi 2026

Gjaldskrá fyrir akstur aldraðra í Flóahreppi verður samkvæmt eftirfarandi frá 1. janúar 2026:

Frá heimili og innan Flóahrepps skv. reglum	305 kr ferðin
Frá heimili og á Selfoss/Árborg skv. reglum	611 kr ferðin
Frá heimili og utan Flóahrepps eða lengra en Árborg skv. reglum	Skv. samkomulagi

Greitt er fast gjald pr. notanda á hverja ferð. Ferð fram og til baka telst sem tvær ferðir.

Samþykkt í sveitarstjórn 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Gjaldskrá

fyrir mat og heimsendingu á mat í Flóahreppi 2026

Gjaldskrá fyrir keyptan mat í mötuneyti og heimsendingu á mat fyrir ellilífeyrisþega, öryrkja og starfsmenn í Flóahreppi verður samkvæmt eftirfarandi frá 1. janúar 2025:

Matur keyptur af mötuneyti án heimsendingar	697 kr
Heimsending á mat	536 kr
Matur ásamt heimsendingu	1232 kr

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi

Frá 1. janúar 2026

Vistunargjöld eru eftirfarandi:	
Kjarnatími frá 8:00-14:00	200 kr/pr. klst
Gjald frá 14:00-15:00	388 kr/pr. klst
Gjald frá 15:00-16:00	443 kr/pr. klst
Gjald frá 7:45-8:00	124 kr/pr. korter
Gjald frá 16:00-16:15	124 kr/pr.korter
Gjald fyrir vistun umfram umsaminn vistunartíma	2495 kr fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur

**20% álag er lagt ofaná öll vistunargjöld nemenda þar til 2 ára aldri hefur verið náð.*

Fæðisgjald fyrir hvert barn er eftirfarandi:	
Morgunhressing	108 kr/dag
Hádegisverður	337 kr/dag
Nónhressing	108 kr/dag

Heimilt er að fella fæðisgjald niður vegna langvarandi fjarveru nemanda og er þá miðað við 10 virka daga.

Afsláttur vegna forgangshópa er eftirfarandi:	
Forgangshópar	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Forgangsgjald er greiðsla fyrir öryrkja, börn einstæðra foreldra og börn námsmanna, séu báðir eða annað foreldri í fullu námi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að fólk framvísi vottorði frá Tryggingastofnun, sýslumanni eða innritunarvottorði/námsvottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Hefji einstætt foreldri sambúð, skal það greiða hærra gjald strax og sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og kemur þá til lækkunar á gjaldi.

Afsláttur vegna systkina eru eftirfarandi:	
Systkinaafsláttur með öðru barni	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi
Systkinaafsláttur með þriðja barni	100% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldskyldra systkina. Ekki er veittur systkinaafsláttur af fæðisgjaldi.

Ekki er hægt að fá bæði forgangsafslátt og systkinaafslátt. Hærri afsláttur gildir. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

Forráðamenn greiða vistunargjald frá þeim tíma sem nemandi er skráður í leikskólann. Þó nemandi nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt vistunargjald samt sem áður. Undanþágu vegna sérstakra aðstæðna má sækja um til leikskólastjóra, sem metur hverja umsókn fyrir sig.

Ef forráðamenn skulda leikskólagjöld fyrir þrjá mánuði eða meira, er heimilt að segja leikskóladvöl nemanda upp og setja skuldina í innheimtu.

Þingborg 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Gjaldskrá fyrir skólavistun í Flóahreppi 1. janúar 2026

Gjaldskrá fyrir skólavistun er 881 kr. pr/dag 1. janúar 2026

Samþykkt í sveitarstjórn 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

SAMÞYKKT

fyrir gatnagerðargjöld í þéttbýli og þéttbýliskjörnum í Flóahreppi

1.gr.

Almenn heimild

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli og þéttbýliskjörnum Flóahrepps, skal greiða gatnagerðgjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari samanber 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda heimæðargjald vatnsveitu samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, tengigjald holræsa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og byggingarleyfisgjald samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Gjöld vegna þessa fara eftir viðkomandi gjaldskrá.

2.gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.

Tengi- og heimæðargjöld eru innheimt sérstaklega og eru ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

3.gr.

Gjaldstofn gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjald er innheimt vegna nýrra bygginga og vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð.

Gjaldstofn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- a) Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- b) Þegar gatnagerðgjald verður ekki lagt á samkvæmt a-lið, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning samkvæmt a-lið var upphaflega miðuð við er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

4. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds

Af hverjum heimilum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr.

fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis sbr. 3. gr. eins og hann er hverju sinni samkvæmt

útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án bílgeymslu	8,0 %
Parhús með eða án bílgeymslu	7,5 %
Raðhús með eða án bílgeymslu	7,0 %
Versl.-þjónustu og annað húsnæði	3,5 %
Iðnaðarhúsnæði	3,0 %

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist í janúarmánuði ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins. (179.463 kr/m² í september 2012).

5. gr.

Lágmarksgjald

Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir:

Einbýlishús með eða án bílgeymslu	160 m ²
Parhús með bílgeymslum	115 m ²
Raðhús með bílgeymslum	105 m ²
Verslunar- og þjónustuhúsnæði	400 m ²
Iðnaðarhúsnæði	400 m ²

Fari heildarstærð húss eða íbúðar yfir þessar tilteknu stærðir skal greiða gatnagerðargjald pr/m² sem umfram er samkvæmt því fermetragjaldi sem um getur í 4. gr.

6. gr.

Greiðsluskilmálar

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- a) Við lóðarúthlutun, sölu lóðar eða byggingarréttar samkvæmt a-lið 3. gr. eða við útgáfu byggingarleyfis samkvæmt b-lið 3. gr. skal greiða 50% af reiknuðu gatnagerðargjaldi.
- b) Við útgáfu fokheldisvottorðs greiðist gatnagerðargjald að fullu.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllu gatnagerðargjaldi skulu greiða dráttarvexti, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

7. gr.

Áfangaskipti framkvæmda.

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi hyggst byggja hús, annað en íbúðarhús, í áföngum, getur sveitarstjórn heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni greiðast samkvæmt þeirri samþykkt sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum og hvenær hann hyggst hefja framkvæmdir á hverjum byggingaráfanga.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga við upphaf hvers byggingaráfanga í samræmi við áform lóðarhafa við úthlutun lóðarinnar.

8. gr.

Afturköllun lóðarúthlutunar vegna vanskila eða dráttar á framkvæmdum.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að undangenginni viðvörun að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, er heimilt að fella lóðarúthlutunina úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjaldið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e.a.s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

9. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjald skal endurgreitt ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð sbr. 8. gr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 30 daga.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt án vaxta miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags með umsýslugjaldi, 3% af áður álögðu gatnagerðargjaldi.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9.gr. laga um gatnagerðargjald nr.153/2006.

10.gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveð og aðfararveði.

11.gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld

Um samninga um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Flóahrepp fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir eldri gjaldskrá um gatnagerðargjöld Flóahrepps nr. 448 frá 2. janúar 2007.

12.gr.

Gildistaka

Samþykktin og gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps samkvæmt heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Samþykktin öðlast gildi við birtingu hennar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Flóahreppi nr. 448 frá 2. janúar 2007.

Flóahreppi 3. október 2012

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri



Gjaldskrá

Vatnsveitu Flóahrepps

1. gr.

Gjaldskylda

Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Einnig er innheimt vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu

Hver sá sem óskar eftir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps skal sækja um það skriflega.

Heimæðargjald felur í sér stofngjald og tengigjald í samræmi við grein þessa.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna lagningar heimæðarinnar.

Tæknisvið sveitarfélagsins reiknar kostnaðinn við hverja tengingu fyrir sig og miðast stofn- og tengigjald hverrar eignar við raunkostnað vegna lagningar heimæðar og tengingar. Áætlað tengigjald skal greiða fyrirfram áður en framkvæmdir hefjast.

Heimilt er að skipta greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal vera lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps. Að verki loknu er gerður samanburður á áætlun og raunkostnaði og hver tenging gerð upp samkvæmt því.

Skilyrt er að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár er hlutdeild í stofni 296.016 kr. Greitt skal fyrir lagnaefni skv. mældum metrum, þverun vegar og efni í tengingar skv. áætluðum kostnaði og skal sá kostnaður falla á viðkomandi vatnstengingu. Kostnaður við efni, tengingu og hlutdeild í stofni skal uppfæra skv. byggingarvísitölu útgefinni af Hafstofu Íslands 1. febrúar ár hvert.

3. gr.

Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengdar hafa verið vatnsveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati í A flokki að undanskildum útihúsum. Álagningarstofn skal vera 0,3% af fasteignamati í C flokki og af útihúsum. Frístundahús bera fast gjald.

Sveitarstjórn ákveður árlega hver skuli vera lágmarks og hámarksálagning á íbúðarhús ásamt því að ákveða fast gjald á frístundahús, vatnstæki í beitarhólfum og á óbyggðar lóðir tengdar vatni. Fasteignir í C flokki ásamt útihúsum skulu vera án hámarks.

Gjald dagar vatnsgjalds eru hinir sömu og eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

6. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum og tekur gildi 1. janúar 2024. Um leið fellur eldri gjaldskrá úr gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 12. desember 2023

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Gjaldskrá og verklag vegna breytinga á sörpílátum 2026

Viðbótarílát fyrir heimilissorp (umfram 4 ílát sem lögð er til):	16.300 kr.
Fast breytingagjald/umsýslugjald:	5.430 kr.

Allar óskir um breytingar á ílátum þurfa að fara í gegnum ritara Flóahrepps:
anna@floahreppur.is / 480 4370

Flóahreppur og ÍGF sjá um útskipti á ílátum – bæði ef skipta þarf út ílátum eða ef sækja þarf ílát vegna fækkunar á ílátum.

Þingborg 02.12.2025

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Flóahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir hvert skilti sem eigandi hunds fær við skráningu hans skal vera 4000 kr. og greiðist við skráningu.

2. gr.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Flóahreppi nr. 425/2010 svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds. Föngunargjald, varsla og auglýsingargjald er 28.000 kr.

Að auki leggst á sólarhringsgjald, 4.000 kr. ef kemur til handsömunar og geymslu viðkomandi hunds. Ef hundur er handsamaður oftar en þrisvar sinnum á einu ári, þá á hundaeigandi eða umráðamaður hunds yfir höfði sviftingu á leyfi til hundahalds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 15. desember 2022 samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Flóahreppi.

Flóahreppi, 11.01.2023

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri.



The image shows a handwritten signature in blue ink that reads "Hulda Kristjánsdóttir". To the right of the signature is an official blue oval stamp. The stamp contains the text "SVEITARSTJÓRN" at the top, "Flóahrepps" in the middle, and "FLÓAHREPPS" at the bottom.